

1. fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn þriðjudaginn 24.janúar 2015 kr. 10:00 á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt voru Guðlaugur Ágústsson Stienstúni, Ingólfur Benediktsson Árnesi 2, Hrefna Þorvaldsdóttir Árnesi 2, Elísa Ösp Valgeirsdóttir Árnesi 1 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík.

Dagskrá:

1. Sala á lóð undir Ingólfshús á Eyri í Ingólfafirði.
 2. Breyting á skráningu fasteignar á Dröngum – elías Kristinsson óskar eftir því að skráningu á íbúðarhúsinu að Dröngum verði breytt.
 3. Framkvæmdaráætlun umhverfivottunar 2015-2016 lögð fram til afgreiðslu (send í tölvupósti á hreppsnefnd 9/1/14)
 4. Fundargerðir stjórnar FV lagðar fram til kynningar.
 5. Bréf frá Ungmennafélagi Íslands kynnt.
 6. Mannvirkjastofnun – Réttindi reykkafera.
 7. Kaffi Norðurfjörður – Umsóknir
 8. Bréf frá skipulagsstofnun varðandi tillögu að Landsskipulagsstefnu 2015-2016
 9. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Vestfjarða fram til kynningar
 10. Beiðni um stuðning við starfsemi Héraðssambands Strandamanna.
 11. Bréf varðandi kostnað við rekstur félagsmiðstöðvarinnar Ozon.
 12. Fjárbæiðni Stígamóta fyrir árið 2015
 13. Tillaga frá Ingólfi Benediktssyni – Áskorun til Vegagerðarinnar.
 14. Bréf frá Veraldarvinum
 15. Rekstraráætlun sorpsamlags Strandasýslu fyrir árið 2015 lögð fram
 16. Umhverfisstofnun – bréf vegna áætlunar um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa.
 17. Tilkynning varðandi lok verkefnisins Ísland er með'etta
 18. Vetrarsamgöngur – snjómokstur
 19. Bréf frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu - framhald frá því í desember.
 20. Erindi Elínar Öglu Briem – styrkur – rannsókn – heimasíða.
 21. Fundargerð samgöngunefndar lögð fyrir til kynningar
 22. Fundargerð
-
1. Varðandi sölu á lóð undir Ingólfshús á Eyri var ákveðið að ganga til samninga við Guðjón Ingólfsson og fjölskyldu. Kaupverð var ákveðið 750.000 kr. sem er í samræmi við lóð af sömu stærð á Eyri sbr. bréf dagsett 27. janúar 2014 frá Árneshreppi til Guðrúnar Önnu Gunnarsdóttur.
 2. Vegna erindis um breytinga á skráningu fasteignar á Dröngum var ákveðið að oddviti hefði samband við Fasteignamat Ríkisins og Boga Kristinsson byggingafulltrúa vegna þess máls.
 3. Framkvæmdaráætlun umhverfivottunar 2015-2016 lögð fram til kynningar ásamt stefnu sveitarfélaga 2013.

4. Fundargerðir stjórnar FV lögð fram til kynningar.
5. Bréf frá Ungmennafélagi Íslands lagt fram til kynningar.
6. Erindi frá Mannvirkjastofnun um réttindi reykkafara tekið til umræðu og mun sveitastjórn kanna hvort hægt er að koma slökkviliðsmönnum í Árneshreppi á slíkt námskeið.
7. Umsóknir um rekstur á Kaffi Norðurfirði lagðar fram til skoðunar. Oddviti mun í framhaldinu tala við hvern og einn og afla frekari upplýsinga um umsækjendur hjá meðmælendum.
8. Bréf frá Skipulagsstofnun varðandi tillögu að Landsskipulagsstefnu árið 2015-2016 lagt fram til kynningar.
9. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Vestfjarða lögð fram til kynningar.
10. Beiðni frá Héraðssambandi Strandamanna um stuðning lögð fram og ákveðið að styrkja það ekki .
11. Bréf varðandi kostnað við rekstur félagsmiðstöðvarinnar Ozon lagt fram til kynningar. Sveitastjórn leggur til að málið verði rætt og reynt að komast að samkomulagi um hvaða upphæð Árneshreppur greiðir vegna þátttöku unglínganna okkar sem geta ekki nýtt sér þessa þjónustu að fullu.
12. Fjárbeiðni Stígamóta lögð fram til kynningar. Styrktarbeiðni hafnað.
13. Tillaga frá Ingólfi Benediktssyni-Áskorun til Vegagerðarinnar lögð fram til kynningar. Ákveðið að senda þessa áskorun til Hreins Haraldssonar og afrit til Magnúsar Vals Jóhannssonar, Sigurðar Mar Óskarssonar og Jóns Harðar Elíassonar.
14. Bréf frá Veraldarvinum lagt fram til kynningar.
15. Rekstaráætlun Sorpsamlags Strandasýslu fyrir árið 2015 lögð fram til kynningar.
16. Bréf frá Umhverfisstofnun vegna áætlunar um móttöku og meðhöndlunar úrgangs og farmleifa lagt fram til kynningar.
17. Tilkynning frá verkefninu Ísland er með'etta lögð fram til kynningar.
18. Snjómokstur og vetrarsamgöngur ræddar. Ákveðið var að halda fyrri ákvörðun til streitu og biðja um mokstur nk. þriðjudag .
19. Bréf frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu tekið fyrir síðar.
20. Erindi frá Elínu Öglu Briem varðandi styrk, rannsókn og heimasíðu rætt. Verkefnið er mjög áhugavert og leggur sveitastjórn til að verkefnið fari til Atvest og Fjórðungssambandsins til aðstoðar við Elínu. Einnig var ákveðið að styrkja verkefnið um 150.000 kr. á mánuði næstu fjóra mánuði.
21. Fundagerð Samgöngunefndar lögð fram til kynningar. Sveitastjórn ákvað að senda bréf vegna fyrstu tveggja liða í fundargerð áfram til Innanríkisráðherra.
22. Rekstaráætlun barnaverndarnefndar lögð fram til kynningar.

23. Fundagerð atvinnumálanefndar lögð fram til kynningar. Ákveðið að skoða þær leiðir sem tiltækar eru til að auka tekjur hreppsins t.d. með því að rukka inn fyrir rafmagn og aðstöðu vegna báta í höfninni og auglýsa íbúðina til leigu. Rætt var um að fá Vigdís Grímsdóttur og Hrafn Jökulsson til að vinna þá auglýsingu.
24. Hækkun sorphirðugjalds, ákveðið var að það yrði hækkað um 5%.
25. Undirritun siðareglna fyrri kjörna fulltrúa Árneshrepps afgreidd á fundi.
26. Rekstaráætlun barnaverndarnefndar lögð fram til kynningar.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl: 13.10